

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 29. mars 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Skipulags og byggingamál:

a) Fundargerð byggingar og skipulagsnefndar.

Fyrir fundinum lá fundargerð dags. 9. mars 2004. Fundargerðin var samþykkt með vísan til þess að niðurstaða 1. liðar fundargerðarinnar verður tekinn sérstaklega fyrir í b) og c) lið.

b) Tillaga að breyttu aðalskipulagi:

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á aðalskipulagi Höfðahrepps 1988-2008.

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Hreppsnefnd Höfðahrepps samþykkir að aðalskipulagi Höfðahrepps verði breytt þannig að á svæði við Hólaberg sem skilgreint er sem svæði til sérstakra nota (útivistarsvæði), verði skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Markmið tillögunnar er að stuðla að uppbyggingu svæðisins, gefa skipulagssvæðinu heildstætt yfirbragð og ákveða nýtingu þess til framtíðar, tryggja aðkomuleiðir og tengsl við nánasta umhverfi s.s. tjaldsvæði. Skipulagssvæðið er u.þ.b. 6.0 ha. lands og afmarkast af Vetrarbraut í vestri, tjaldsvæði í suðri og hamrabelti í austri. Skipulagssvæðið skiptist við göngu- og reiðleið í A og B hluta. Samþykkt að óska heimildar Skipulagsstofnunar til að breytingin fari í formlega opinbera kynningu samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

c) Tillaga að deiliskipulagi við Hólaberg.

Fyrir fundinum lá tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar við Hólaberg sbr. b) lið.

Hreppsnefnd samþykkti deiliskipulagstillöguna og jafnframt að óska heimildar

Skipulagsstofnunar til að tillagan fari í formlega opinbera kynningu samkvæmt 2. mgr. 23. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

2. Ályktun borgarafundar 16. mars 2004

Fyrir fundinum lá svohljóðandi ályktun sem samþykkt var á borgarafundi 16. mars sl.

“Borgarafundur haldinn í Fellsborg þriðjudaginn 16. mars 2004 skorar á hreppsnefnd Höfðahrepps að stofna menningar og fræðslusjóð Skagastrandar með 20-30 millj. króna framlagi. Tilgangur sjóðsins skal vera; að stuðla að menningarviðburðum og fræðslu á og fyrir Skagaströnd. Aldrei skal veit það miklu úr sjóðnum að að höfustóll hans rýrni. Sveitarstjórn skal skipa í stjórn sjóðsins (en ekki úr eigin röðum).

Stjórnin skal vera skipuð 3 einstaklingum og skulu þeir vera af báðum kynjum.”

Hreppsnefnd ræddi ályktunina og lýstu hreppsnefndarmenn ánægju sinni með áhuga borgarafundarins á menningarmálum í sveitarfélaginu.

Hreppsnefnd samþykkti að skipa menningarmálanefnd sem hafi m.a. það hlutverk að úthluta fjármunum til menningarmála sem til þess væri ætlaðir. Jafnframt kom fram að hreppsnefnd taldi rétt að setja ákveðna fjárhæð árlega til þessa verkefnis. Samþykkt að vísa til næsta

fundar að móta vinnureglur um úthlutun fjármuna í þessu skini og jafnframt að skipa í nefndina.

3. Auglýsing eftir hugmyndum um nýtingu Bjarmaness.

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga að auglýsingu sem sveitarstjóri hafði samið:

“Hreppsnefnd Höfðahrepps auglýsir eftir hugmyndum um rekstur og starfsemi í Gamla skólanum, Bjarmanesi. Húsið sem var byggt 1913 verður allt gert upp og stílfært til þess tíma sem það var byggt. Skipulag hússins verður þannig að efri hæðin er að mestu einn salur með anddyri, salerni og eldunaraðstöðu, neðri hæð verður minna frágengin og líklegt að það nýtist helst sem geymslurými. Reiknað er með að Námsstofa verði til húsa í Bjarmanesi yfir vetrarmánuðina en óskað eftir hugmyndum um rekstur og nýtingu yfir sumarmánuðina. Jafnframt er óskað eftir að þeir sem hafa góðar hugmyndir séu annað tveggja tilbúnir að framkvæma þær á eigin spýtur eða geti bent á leiðir til að hrinda þeim í framkvæmd. Hugmyndum skal skilað á skrifstofu Höfðahrepps fyrir 16. apríl nk. og þar er einnig hægt að fá teikningar af fyrirkomulagi hússins.”

Samþykkt að senda auglýsinguna til íbúa.

4. Samþykkt um aðgengi og þrífnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

Fyrir fundinum lá tillaga að samþykktunum sem höfðu verið samþykktar í heilbrigðisnefnd og vísað til sveitarstjórna á eftirlitssvæðinu. Viðkomandi sveitarstjórnir þurfa að fjalla um samþykktirnar á tveimur fundum áður en þær verða sendar Umhverfisstofnuneyti til endanlegrar staðfestingar.

Hreppsnefnd samþykkti tillöguna og vísaði henni til annarrar umræðu.

5. Bréf:

a) Soffíu Lárusdóttur, dags. 25. mars 2004.

Í bréfinu er þess farið á leit við hreppsnefndina að hún vinni að því að lækna er veita fólki sérþjónustu á Heilsugæslustöðinni á Blönduósi veiti sömu sérþjónustu á Heilsugæslustöðinni á Skagaströnd. Hreppsnefnd samþykkti að beina þessum tilmælum til stjórnenda heilbrigðisstofnunarinnar.

b) Steinunnar Steinþórsdóttur og Slavko Velemir, dags. 25. mars 2004.

Í bréfinu er farið fram á styrk til að standa fyrir sýningu á handverks og listmunum dagana 4. – 6. júní nk. Birna Sveinsdóttir lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi. Erindið var samþykkt.

c) Ámundakinnar ehf. dags. 12. mars 2004.

Í bréfinu er farið fram á að Höfðahreppur leggi fram hlutafé í Ámundakinn ehf. að upphæð 2 milljónir króna. Hlutverk Ámundakinnar ehf verður að útvega húsnæði fyrir ullaardeild Ístex hf. sem flutt verður frá Hveragerði til Blönduóss. Samþykkt að leggja 1.000.000 kr hlutafé í Ámundakinn ehf.

d) Áfangaheimilis Krossgatna, dags. 4. mars 2004.

Efni bréfsins var að kynna starfsemi Krossgatna og óska eftir styrk til þess að stækka endurhæfingaheimilið. Hreppsnefnd taldi ekki forsendur til að styrkja málefnið.

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

e) Sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 12. mars 2004.

Í bréfinu sem er stílað á Fiskistofu er tilkynnt um tillögu hreppsnefndar um skiptingu byggðakvóta og Fiskistofu falið að úthluta aflaheimildum samkvæmt því.

Bréfið var til kynningar.

6. Fundargerðir:

a) Leikskólanefndar, 15.03.2004.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra, 15.03.2004

Fundargerðin var til kynningar.

c) Héraðsnefnd, 2.03.2004

Fundargerðin var samþykkt.

d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 20.02.2004

Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál.

a) Tilnefning í hóp um gönguleiðir. Samþykkt að tilnefna Ólaf Bernódusson í hópinn í stað Sigurðar Sigurðarsonar sem er fluttur úr héraðinu.

b) Tilnefning í samstarfshóp um sameiginlega hagsmuni Höfðahrepps og Blönduósbæjar. Samþykkt að tilnefna oddvita og sveitarstjóra í samstarfshópinn.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18³⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir

(sign)